

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akraneskaupstað.

Grundaskóli, Espigrund 1.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 28. mars 2023 breytingu á deiliskipulagi Grundaskóla við Víkurbraut. Í breytingunni felst m.a. að lóðin Espigrund 1A er stofnuð út úr Espigrund 1.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr., með vísan í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Flóahverfi.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 14. mars 2023 breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis. Í breytingunni felst m.a. afmörkun farvega ofanvatns, lagfæring miðlínu vatnsrásar, auk þess eru lóðirnar Lækjarflói 25 og 27 sameinaðar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akranesi, 28. mars 2023.

Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. apríl 2023